

A 1736/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um

**Þingmannatillögu
um norræna Svansvottun á mat, handiðn og hönnun**

Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð ákveði að aðhafast ekkert frekar vegna þingmannatillögu um *norrænt Svansmerki á mat, handiðn og hönnun* (A 1736).

Skýringar

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar
að hún kanni möguleika á að innleiða Svansvottun á norrænum mat og
norrænni handiðn og hönnun.

Norræna þekkingar- og menningarnefndin fjallaði um þingmannatillögu um *norrænt Svansmerki á mat, handiðn og hönnun* (A 1736) á fundinum í janúar 2018 í Stokkhólmi. Á fundinn mætti fulltrúi *Miljömärkning Sverige*, sem er sú stofnun sem hefur með höndum Svansmerkingar í Svíþjóð, og benti hann á ýmis vandkvæði í sambandi við tillöguna. M.a. að ekki er hægt að takmarka Svaninn við eitt svæði og að Svanurinn vottar ekki matvæli. Nefndin ákvað að senda þingmannatillöguna til umsagnar hlutaðeigandi aðila í norrænu löndunum.

Fimmtán umsagnir bárust og skiptust þær sem hér segir:

- Danmörk: Miljø- og Fødevarerministeriet, Designrådet, Miljømærkning Danmark
Finnland: Föreningen Matinformation, Förbundet för Finländskt Arbete, Livsmedelssäkerhetsverket Elvira
Noregur: Kulturdepartementet, Landbruk- og matdepartementet, Helse- og omsorgsdepartementet, Nærings- og fiskeridepartementet (þrjú síðastnefndu ráðuneyti sendu sameiginlega umsögn)
Svíþjóð: Nämnden för hemslöjdsfrågor, Livsmedelsverket, Lantbrukarnas Riksförbund, Jordbruksverket
Álandseyjar: Styrelsen för Ålands Slöjd & Konsthantverk

Í svörunum telja fulltrúar *hönnunar- og handiðnaðarfélag*a og *menningarráðuneyta* erfitt að hrinda tillögunni í framkvæmd vegna þess að:



- það sé flókið og kostnaðarsamt að sannreyna uppruna;
- það sé flókið að semja sameiginleg viðmið fyrir uppruna, gæði, sjálfbærni og hönnun;
- fyrir eru merkingarkerfi í norrænu löndunum og ein merking til viðbótar myndi rugla neytendur í ríminu;
- það myndi kalla á mikla markaðssetningu að kynna nýja merkingu;
- handiðn og hönnun eru ekki svið þar sem til mikils er að vinna í umhverfismálum;
- vekja megi athygli á handiðnaðarvörum með ýmsum öðrum hætti en með merkingu.

Í svörum frá fulltrúumráðuneyta, yfirvalda og félagasamtaka sem vinna með matvæli og merkingar kemur fram að:

- ekki sé hægt að einskorða umhverfismerkið Svaninn við norrænar vörur;
- fyrir eru ýmsar matvælamerkingar, t.a.m. KRAV, ESB-laufið (merki ESB fyrir lífræna ræktun), Skrárgatið, Gott Från Finland, Från Sverige;
- enn eitt merkið getur ruglað neytendur í ríminu;
- flókið er að semja viðmið fyrir matvörur;
- á árinu 2013 var kannað hvort þróa ætti Svansmerki fyrir matvæli en niðurstaðan var sú að það væri ekki gerlegt;
- það myndi kalla á mikla markaðssetningu að kynna nýja merkingu;;
- ekki er hægt að einskorða Svansmerkið við eitt svæði.

Enginn umsagnaraðila mælir með norrænni Svansmerkingu fyrir mat, handiðn og hönnun.

Sjónarmið nefndarinnar

Með hliðsjón af umsögnum sem bárust frá mikilvægum aðilum á Norðurlöndum á sviðum menningar, hönnunar og matvæla þar sem allir aðilar færa rök gegn tillögnum um að innleiða svansvottun á matvæli, handiðn og hönnun ákveður þekkingar- og menningarnefndin að aðhafast ekkert frekar vegna þingmannatillögu um *norræna Svansvottun á mat, handiðn og hönnun* (A 1736/kultur).

Höga Kusten, Svíþjóð, 25. júní 2018

Annette Lind (S)

Eva Sonidsson (S)

Johan Andersson (S)

Johanna Karimäki (gröna)

Jorodd Asphjell (A)

Liv Kari Eskeland (H)

Magni Arge (T)

Marianne Haukland (H)

Roland Utbult (KD)

Þorsteinn Sæmundsson (Frfl)

Tony Wikström (ÅSD)